

veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gald. Heimæðagjöld eru miðuð við þáttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 8\,062.00 + 8.80 \times V.$$

Hér tákna H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 12\,106 + 13.15 \times V.$$

Hér tákna H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvisun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 162.50 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- | | |
|---|-----------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 29.50 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" | — 59.15 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | — 118.10 |

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Allt að	400 m ³	kr. 9 395.00.
400 —	2 000 m ³	— 9 395.00 + kr. 7.50 pr. m ³ þar yfir.
2 000 —	6 000 m ³	— 21 427.00 + — 6.45 pr. m ³ þar yfir.
6 000 —	10 000 m ³	— 47 147.00 + — 5.60 pr. m ³ þar yfir.
Meira en	10 000 m ³	— 69 587.00 + — 4.90 pr. m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 131.00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 59.00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

- 2.1 72.6 aurar/kWh. Lágmarksgjald er 241.90 kr. á ári.
 2.2 3 433.80 kr/kWh í uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.

Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

- 3.1 67.2 aurar/kWh. Lágmarksgjald er 241.90 kr. á ári.

4. gr.

Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

- 4.1 72.6 aurar/kWh. Lágmarksgjald er 241.90 kr. á ári.